

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar og bæjarráðs Kópavogs á auglýstum tillögum að deiliskipulagi.

Dalsmári 13. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari tíma breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs samþykkt þann 13. desember 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Dalsmára 13 í Kópavogsdal. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri lóð (Dalsmára 13) fyrir tennishöll norðan Dalsmára 11. Húsið verður sömu gerðar og húsið að Dalsmára 11. Grunnflötur þess er fyrirhugaður 39 x 55 m, útveggir allt að 5 m og mænishæð allt að 10 m. Í húsinu er rými fyrir 3 tennisvelli í fullri stærð. Jafnframt er í tillögunni gert ráð fyrir þjónustuaðstöðu á einni hæð og bílastæði við austurgafli hússins.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Urðarhvarf 8. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari tíma breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs samþykkt þann 22. desember 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 8 við Urðarhvarf. Í breytingunni felst að í stað tveggja stakstæðra bygginga á lóðinni er gert ráð fyrir einni samfelldri byggingu sem verður 4, 5 og 6 hæða auk kjallara í stað 5 hæða auk kjallara. Á 6. hæðar hluta hússins er gert ráð fyrir inndreginni þakhæð. Í tillögunni felst jafnframt að byggingarreitur færist um 7 metra til norðurs og heildarflatarmál hússins eykst um 3700 fermetra úr um 9.600 í um 13.300 fermetra. Fyrirkomulag og fjöldi bílastæða breytist.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 25. janúar 2006.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 30. janúar 2006